



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 2. mars 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Reynisvatnsás

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 22. febrúar 2022 að breytingu á almennum skilmálum deiliskipulags fyrir Reynisvatnsás. Í breytingunni felst að heimild er gefin að skorsteinar og loftnet nái upp fyrir skilgreindar hámarkshæð húsa. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Visað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: tillaga dags. 22. febrúar 2022.



Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulagsins „Reynisvatnsás, íbúðarhverfi, deiliskipulag“, sem samþykkt var í skipulagsráði þann 19. september 2007 og í borgarstjórn þann 2. október 2007 og öðlaðist gildi 22. október 2007 með birtingu í Stjórnartíðindum. Höfundur eru Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.

Forsendur

Í gildandi deiliskipulagi er ekki fjallað sérstaklega um skorsteina heldur hámarkshæðir bygginga. Það er eðlilegt að líta svo á að skorsteinar séu hluti af byggingu og fari lítillega upp fyrir hámarkshæð húss.

Breytingarlýsing

Í breytingunni felst heimild er gefin fyrir að skorsteinar og loftnet megi fara upp fyrir tilgreinda hámarkshæð húsa í deiliskipulaginu.

Tillaga að breytingu

Við almenna skilmála deiliskipulagsins bætist eftirfarandi setning:

Á húsum á svæðinu er heimilt að gera skorsteina og loftnet og aðra byggingarhluti sem fara upp úr uppgefnum hámarkshæðum húsa, enda sé vandað til hönnunar og séu ekki hærri en þarf til að þjóna vel sínu hlutverki og skerða ekki hagsmuni nágranna, breyta eða hafa áhrif á götummynd né fela í sér stækkun húss á nokkurn hátt.

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á deiliskipulaginu.
Að öðru leiti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____

þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__
